



FISK-Seafood ehf.
Stefanía Inga Sigurðardóttir
Háeyri 1
550 Sauðárkrókur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. júlí 2020
Tilv.: UMH20050070/8.14

Vísað er til erindis yðar frá 14. maí sl. þar sem sótt er f.h. FISK-Seafood ehf. kt. 461289-1269 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir 600 tonna fiskeldi á Hólum á meðan umsóknarferli vegna nýs starfsleyfis er í gangi. Fram kemur í framangreindu erindi að með bréfi Umhverfisstofnunar hinn 5. september 2019 hafi FISK-Seafood ehf. og Hólalax hf. kt. 601279-0299 fengið framlengingu á gildistíma starfsleyfis til 1. maí 2020.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Matvælastofnun og Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 3. júní sl. Þar kemur fram að 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir mæli fyrir um heimild útgefanda starfsleyfis til að framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, að því tilskildu að fullnægjandi umsókn hafi borist útgefanda. Þar sem fullnægjandi umsókn hafi borist Umhverfisstofnun hafi starfsleyfi FISK-Seafood ehf. verið framlengt til 1. maí 2020. Þar sem gerð nýs starfsleyfis sé enn í gangi hjá stofnuninni hafi FISK Seafood ehf. óskað eftir undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt í þessu tilviki á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram þar sem skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfinu séu uppfyllt og að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Umsögn Matvælastofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 29. maí sl. Þar kemur fram að núgildandi rekstrarleyfi eldisstöðvarinnar hafi verið gefið út 24. júní 2010 og heimili allt að 500 tonna framleiðslu á bleikju til manneldis og 1.000.000 bleikjuseiði árlega og gildi til 24. júní 2020. FISK-Seafood ehf. hafi keypt Hólalax hf. að fullu í desember 2018 og 1. janúar 2019 hafi fyrirtækið runnið inn í FISK-Seafood ehf. og muni eldisstöðin bera nafnið FISK-Seafood, Hjaltadal. FISK-Seafood ehf. hafi sótt um endurnýjun á rekstrarleyfi 14. janúar 2020 og unnið sé

að endurútgáfu rekstrarleyfis hjá Matvælastofnun. Ásamt því að koma framangreindum atriðum á framfæri telji Matvælastofnun að bregðast eigi á jákvæðan hátt við beiðni FISK-Seafood ehf. á meðan rekstraraðili vinni á virkan hátt að umsókn sinni hjá Umhverfisstofnun.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita FISK-Seafood ehf. kt. 461289-1269 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir framleiðslu bleikju til manneðis í Hjaltadal að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis fyrir Hólalax hf., Hólum í Hjaltadal kt. 601279-0299 sem Umhverfisstofnun gaf út 22. febrúar 2007 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Vakin er þó athygli á því að ráðuneytið getur ekki með tímabundinni undanþágu heimilað aukna framleiðslu en er heimil samkvæmt eldra starfsleyfi og miðast heimild því við sama umfang og kemur fram í eldra starfsleyfi. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Umhverfisstofnun
Matvælastofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra